



Umsögn

Efni: Tillaga um að borgarsjóður fjármagni niðurfellingu á leigu hjá leigjendum Félagsbústaða

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs

Óskað hefur verið eftir umsögn fjármála- og áhættustýringarsviðs um tillögu áheyrnarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands, dagsettri 30. apríl sl., um að borgarsjóður fjármagni niðurfellingu á leigu hjá leigjendum Félagsbústaða. Tillagan er eftirfarandi:

„Reykjavíkurborg samþykkir að koma til móts við leigjendur Félagsbústaða vegna þeirrar erfiðu stöðu sem er komin upp í samfélaginu í kjölfar Covid-19 og fella niður leigu í tvo mánuði. Með vísan til erindis Blokkarinnar; Félagi leigjenda hjá Félagsbústöðum sem sent var til Reykjavíkurborgar, kemur fram að leigjendur Félagsbústaða eiga það sameiginlegt að vera tekjulágir, enda skilyrði fyrir búsetu fyrst og fremst þau að vera undir ákveðnum tekjumörkum. Auk þess tilheyra íbúar flestir félagslega- og/eða heilsufarslega viðkvæmum hópum samfélagsins. Fjárhagsleg staða leigjenda hjá Félagsbústöðum er innbyrðis nokkuð misjöfn en niðurfelling leigu muni þó létta róður allra á þessum erfiðu tímum. Líkt og fram kemur í erindi félagsins stendur jafnframt að margir séu mjög kvíðnir fyrir framhaldinu og að það sé ljóst að frystingar og dreifingar á greiðslum muni ekki hjálpa mikið í þessum aðstæðum heldur frekar stuðla að auknum vanskilum í framhaldinu. Það að auka mánaðarleg útgjöld vegna greiðsludreifinga sé ekki lausn í þessu sambandi og því sé þörf á róttækari, fyrirbyggjandi aðgerðum. Í ljósi þess að Reykjavíkurborg er eigandi Félagsbústaða leggur fulltrúi sósíalista til að borgarsjóður fjármagni niðurfellinguna á leigunni svo að Félagsbústaðir þurfi ekki að gera ráð fyrir þeim kostnaði í rekstri sínum.“

Með tillögu áheyrnarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands var lögð fram greinargerð þar sem fram kemur að Blokkinn, félag leigjenda hjá Félagsbústöðum, hafi nýlega sent erindi til Velferðarsviðs, Borgarráðs, Velferðarráðs og Félagsbústaða þar sem skorað var á þau að taka höndum saman og koma með öllum ráðum í veg fyrir vanskil og fjárhagsörðugleika leigjenda hjá Félagsbústöðum. Krafa þeirra er að leiga verði felld niður í 2 mánuði og að í framhaldi verði leitað leiða til að aðstoða þá sem lenda í áframhaldandi vandræðum með ýmsum leiðum. Þá er einnig skorað á Félagsbústaði að auka samskipti við leigjendur sem lent hafa í vanskilum og að fallið verði frá því að senda greiðsluseðla sjálfkrafa til innheimtufyrirtækja án þess að leitað hafi verið leiða til samninga fyrst. Vísað er til þess að í þeirri stöðu sem nú er uppi í samfélaginu sé ljóst að margir hafi þurft að mæta auknum útgjöldum þó að þeir hafi ekki endilega orðið fyrir beinu tekjufalli. Það sé því nauðsynlegt að mæta leigjendum Félagsbústaða

sem búa við viðkvæma fjárhagslega stöðu og fjárhagslega óvissu, á tímum sem þessum. Lagt er til að Reykjavíkurborg sem eigandi Félagsbústaða fjármagni þennan stuðning, í stað þess að hann verði tekinn beint af rekstrartekjum Félagsbústaða.

Umsögn:

Á undangengnum vikum og mánuðum hefur Reykjavíkurborg gripið til ýmissa ráðstafana til handa þeim hópi einstaklinga sem orðið hafa fyrir tímabundnum eða varanlegum tekju- eða framfærslumissi vegna þess ástands sem skapast hefur vegna heimsfaraldurs sem veldur Covid-19 sjúkdómnum. Má þar meðal annars nefna tímabundnar breytingar á reglum um fjárhagsaðstoð með tilslökunum á tekju- og eignamörkum og eingreiðslum, breytingum á innheimtureglum Reykjavíkurborgar m.a. með frestun á gjalddögum ýmissa þjónustugjalda svo sem vegna leikskólaþjónustu, frístundarvistunar, skólamáltíða, heimaþjónustu og fl., leiðréttingu á þjónustugjöldum vegna skerðingar eða niðurfellingu þjónustu og svo mætti áfram telja. Hefur verið litið til þess að borgin sýni sveigjanleika, m.a. við innheimtu gjalda, til að varna því að einstaklingar lendi í vanskilum svo og sveigjanleika við innheimtu gjalda í vanskilum. Þá hefur ríkisstjórnin kynnt ýmis úrræði sem miða að sama markmiði með setningu hinna ýmsu laga er varða bæði einstaklinga og fyrirtæki og miða sérstaklega að aðgerðum vegna þess ástands sem skapast hefur í samfélaginu.

Ef litið er til samsetningar á atvinnustöðu leigjenda hjá Félagsbústöðum má sjá eftirfarandi skiptingu, samkvæmt upplýsingum frá velferðarsviði. Taflan hér að neðan sýnir að aðeins 7% leigjenda hjá Félagsbústöðum eru á vinnumarkaði en 93% þiggja bætur vegna örorku, aldurs eða fá fjárhagsaðstoð frá sveitarfélaginu af ýmsum ástæðum.

Atvinnustaða leigjenda Félagsbústaða í árslok 2019

Atvinnustaða	Hlutfall
Öryrki	45%
Ellilífeyrisþegi	25%
Óvinnufær	14%
Í launaðri vinnu	7%
Atvinnulaus	6%
Með endurhæfingarlífeyri	2%
Nemi	1%
Í fæðingarorlofi	1%
Samtals	100%

Félagsbústaðir leigja út 2800 íbúðir eða leigugeiningar og nema leigutekjur félagsins að meðaltali um 348.929.074 kr. á mánuði að teknu tilliti til fyrstu sex mánaða ársins 2020. Ef felldar yrðu niður leigugreiðslur allra leigjenda Félagsbústaða sem svarar til tveggja mánaða leigu yrðu útgjöld borgarsjóðs nálægt 697.818.148 kr.

Vegna samsetningar tekna leigjenda hjá Félagsbústöðum má leiða líkur að því að bein tekjuskerðing hafi ekki orðið hjá stærstum hópi þeirra eða þeim sem þiggja bótagreiðslur enda hafi ekki verið gerðar breytingar á almannatryggingakerfinu. Þó var þann 1. júní sl. greidd 20 þúsund króna eingreiðsla til þeirra einstaklinga sem áttu bótarétt í samræmi við 2. mgr. 23. tl. bráðabirgðaákvæðis laga nr. 100/2007 um almannatryggingar svo og 2. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 1199/2018. Kom sú eingreiðsla

ekki til skerðingar á öðrum bótagreiðslum enda telst hún ekki til tekna greiðsluþega skv. sömu lögum. Þá bjóðast þau úrræði sem bæði ríki og sveitarfélög hafa sett á öllum þeim sem uppfylla skilyrði til slíkra úrræða og ættu að koma til móts við þá sem hafa orðið fyrir beinni tekjuskerðingu vegna atvinnumissis t.d. með hlutabótaleiðinni og öðrum aðgerðum vinnumarkaðarins.

Niðurstaða

Fjármála- og áhættustýringarsvið telur að ekki sé tilefni til niðurfellingar tveggja gjalddaga hjá leigjendum Félagsbústaða. Líkt og að framan greinir fæst ekki séð að um það bil 93% þeirra sem búa í félagslegu leiguhúsnæði hjá Félagsbústöðum hafi orðið fyrir beinni tekjuskerðingu vegna þess ástands sem skapast hefur í þjóðfélaginu vegna Covid-19. Ekki hafa verið gerðar breytingar á almannatryggingakerfinu svo sem til lækkunar á bótum eða skerðingar á greiðslum. Þá ættu þau úrræði sem sett hafa verið á laggirnar af ríki og sveitarfélögum að grípa þá einstaklinga sem lent hafa í fjárhagserfiðleikum vegna aukinna útgjalda, tekjuskerðingar eða framfærslumissis að öðru leyti vegna áhrifa Covid-19.

*Halldóra Káradóttir,
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs*